



Kópavogi, 11. Apríl 2025
24021889/999.00 BR/KJ

Athugasemdir og ráðleggingar umhverfissviðs Kópavogsbæjar við tillögum Spretts um nýtingu taðs

Sprettur hefur sent inn tillögur um nýtingu hrossataðs frá starfssemi svæðis félagsins. Eins og fram kom á fundi 12. febrúar 2025 hafa starfsmenn umhverfissviðs ekki heimild til að veita leyfi fyrir þeim tillögum sem fram hafa komið og þarf hestamannafélagið fá erindi inn á fund skipulags- og umhverfisráðs, sem mun taka afstöðu til málsins. Næsti fundur ráðsins er 5. maí og þarf formlegt erindi að berast viku áður eða ekki seinna en í lok dags 28. apríl á tölvupóstfang skipulag@kopavogur.is. Næsti fundur eftir það er 19. maí og erindi þarf þá að berast ekki seinna en í lok dags 12. maí.

Hér að neðan eru athugasemdir og hugleiðingar um innsendar tillögur sem mögulega geta nýst fyrir formlegt erindi til skipulags- og umhverfisráðs.

Tillögurnar taka til lausna á losun og nýtingu taðs í nærumhverfi Spretts en eiga það sammerkt að passa sem skammtímalausn. Í tilfelli Kópavogsbæjar eru engir staðir hentugir til langtímalosunar eða niðurbrot taðs sökum vatnsverndar. Skoða þarf því áfram möguleika á lausn til lengri tíma lítið.

Tillaga 2.1: Uppbygging lands fyrir nýjan kirkjugarð í Garðabæ

Þar sem umrætt svæði tekur til lands í Garðabæ tekur Kópavogsbær ekki afstöðu til tillögunnar.

Tillögur 2.2 um jarðvegsbætur á opnum svæðum í nærumhverfi félagssvæðis Spretts

Svæði A: Landsvæði suður af Guðmundarlundi

Svæðið er skilgreint sem opið svæði í aðalskipulagi Kópavogs. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir grunnskóla og leikskóla á því svæði sem nefnt er í innsendum tillögum. Líklegt er að breytingar verði gerðar á því deiliskipulagi sem nú er í gildi þegar uppbygging hefst á svæðinu en ekki er hægt að segja til um að svo komnu hvort þarna komi byggð, samfélagsþjónusta eða opið svæði. Líklegt er þó að nýting svæðisins verði með öðrum hætti en er í dag. Þar sem það er verulega líklegt að svæðið verði tekið undir einhverskonar nýtingu er líklegt að skipulags- og umhverfisráð muni



leggjast gegn því að breytingar verði gerðar á svæðinu þar sem líklegt er að það muni taka breytingum í tengslum við uppbyggingu í Vatnsendahlíð á komandi árum.

Svæði B: Landsvæði við Sandhlíð

Þar sem umrætt svæði tekur til lands í Garðabæ tekur Kópavogsbær ekki afstöðu til tillögunnar. Bent er á að tilgreind staðsetning er í nálægð við friðlýst svæði og skráðar minjar.

Svæði C: Gryfja við Sandhlíð

Svæðið er skilgreint sem helgunarsvæði veitna í aðalskipulagi en möguleiki er á að það hafi ekki áhrif á jarðvegsframkvæmdir. Svæðið er ekki deiliskipulagt. Svæðið er beint neðan við háspennulínu sem gæti takmarkað mögulega aðkomu vinnuvéla.

Líklegt er að ráðið geri ekki neinar sérstakar athugasemdir við að fylla upp í gryfjuna með moldar- eða jarðvegsblönduðu taði, svo lengi sem engar minjar eru á svæðinu og slík jarðvegslosun verði samþykkt af viðeigandi yfirvöldum m.a. með tilliti vatnsverndarsjónarmiða og helgunarsvæði háspennulínu. Talið er ólíklegt að heimild fáið til að nýta gryfjuna fyrir einhverskonar jarðvegsvinnslu.

Allur kostnaður við losun og meðhöndlun myndi greiðast af hestamannafélaginu.

Svæði D: Svæði við Grunnvatn nyrðra

Þar sem umrætt svæði tekur til lands í Garðabæ tekur Kópavogsbær ekki afstöðu til tillögunnar. Bent er á að tilgreind staðsetning er í nálægð við friðlýst svæði.

Tillögur 2.3 um svæði meðfram akvegum og reiðvegum

Svæði E: Mön milli Elliðavatnsvegur og Andvarasvæðisins

Þar sem umrætt svæði tekur til lands í Garðabæ tekur Kópavogsbær ekki afstöðu til tillögunnar.

Svæði F: Mön meðfram reiðvegi ofan Guðmundarlundar og áfram innúr

Samkvæmt aðalskipulagi er reiðvegur meðfram akstursvegi, líkt og aðstæður eru í dag. Það er fátt því til fyrirstöðu að gerðar verða manir með moldar- og jarðvegsblönduðu taði meðfram veginum. Nánara fyrirkomulag manarinnar svo sem breidd og hæð þyrfti að samþykkjast af Kópavogsbæ.

Allur kostnaður við uppbyggingu manarinnar myndi greiðast af hestamannafélaginu nema annað verði um samið.



Tillaga 2.4 um fegrun og umhverfisbætur á félagssvæði Spretts

Bílastæði sunnan við íþróttahúsið Kórinn er í deiliskipulagi tilgreint sem samnýtt bílastæði með íþróttasvæði en er skilgreint í tillögu 2.4 sem kerrustæði. Bent er á að umrætt bílastæði er ekki til einkaafnota hestamannafélagsins og ekki er hægt að festa nýtingu þess sem kerrustæði í sessi. Í nýlega samþykktri breytingu á deiliskipulagi fyrir svæðið er gert ráð fyrir mön umhverfis stæðið og væri það vel til fallið að nýta hestatað blandað jarðvegi til græða upp mönina og fegra ásynd með gróðri. Einungis lítið brot af heildartaðlosun frá hesthúsum mun þó nýtast í það.

Á svæði til hliðar við reiðhöll, sem í dag er nýtt sem geymsla fyrir rúllubagga er samkvæmt deiliskipulagi ekki gert ráð fyrir að svæðið sé notað fyrir slíkt, heldur sem bílastæði og fyrir hesthús. Gera þyrfti breytingu á deiliskipulagi ef breyta ætti notkun svæðisins og byggja upp varanlegar manir og er því líklegt að skipulags- og umhverfisráð myndi samþykkja breytingar á svæðinu sem ekki falla að gildandi deiliskipulagi.

Langtímalausnir varðandi losun taðs

Þær tillögur sem sjálfbærnirnefnd Spretts hefur reifað eru virðingarverðar og bera með sér lausnavilja og hugmyndaauðgi. Þær eru þó því marki brenndar að vera skammtímalausnir en mjög brýnt er að finna lausn til lengri tíma lítið. Ótækt er að hestamannafélagið og í raun flest hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu þurfi að vera í langtímaóvissu varðandi leiðir til að losna við það tað sem til fellur á félagssvæðunum.

Að sama skapi er það ákaflega óheppilegt og ómarkvisst að hvert og eitt sveitarfélag sé að útvega losunarstað fyrir tað þegar mun heppilegra væri að fundinn yrði einn eða fleiri losunarstaður innan verndarmarka Landnámshólfs þar sem hægt væri að nýta tað sem jarðvegsbætur og til uppgræðslu á landssvæði sem þess þarfnast.

Í tilfelli Kópavogs þar sem meira og minna allt óbyggt land er á vatnsverndarsvæði, eru mögulegir staðir til langtímalosunar ekki til staðar eins og staðan er nú. Ef setja ætti það sem skilyrði að tað frá hesthúsum í Kópavogi skuli vera komið fyrir innan sveitarfélagsmarkanna myndi það þíða að hestahald í Kópavogi yrði sjálfhætt sem má teljast vera það sem enginn vill.



Hestamannafélögin þurfa að gera sér grein fyrir að þeir dagar þar sem hægt var að losa sig við tað nánast í bakgarðinum eru liðnir og nú þurfa félögin að taka á sig aukinn kostnað við flutning og meðhöndlun taðsins fjær hesthúsunum en áður.

Skoða þarf alvarlega hvort hægt sé að fá heimild til að losa tað og nýta það í uppgræðslu á svæðum sem eru á jaðar og öryggissvæðum vatnsverndar t.d. í aflagðri jarðvegsnámu í Bolaöldum sem nú er nýtt sem losunarsvæði óvirks jarðvegs. Rannsaka þarf hvort einhver möguleiki sé á hvort grunnvatn gæti mengast af slíkri losun og hvort ekki væri til góðs að nýta taðið til uppgræðslu og flýta fyrir bættri ásýnd svæðisins í samvinnu með viðeigandi yfirvöldum og sveitarfélögum.